

**21. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar,
um ráðstafanir gegn kóleru.**

1866.

24. febrúar.

Eptir að vèr höfum fengið bréf utanríkisstjórnarinnar dags. 22. þ. m., leyfum vèr oss að skora á stjórnarráðið að segja verzlunarfulltrúum Danakonungs á Spáni svo fyrir, ef að kólera er ekki alveg hætt þar enn þá, að leggja ríkt á við skipstjórana, þá er þeir láta þá fá íslenzk leiðarbréf, að hegða sér eptir sóttvarnarákvörðunum þeim, er gilda á Íslandi, og bjóða þeim, ef nokkur skipverja verður veikur eða deyr á leiðinni, og ekki er óhult um, að það sé ekki kólera, þá að gefa vísbending um það, er þeir koma til Íslands, með grænu flaggi í siglutoppnum. Skyldi utanríkisstjórninni berast fregnir seinna, að kólera hafi gjört vart við sig í nokkurri höfn á Frakklandi eða Bretlandi hinu mikla, eða grunur leiki á því, er utanríkisstjórnin enn fremur beðin um, að leggja hið sama fyrir verzlunarfulltrúana í þeim löndum, og að því er Frakkland snertir, að reyna að koma því til leiðar með samningi við stjórnina þar, að skipstjórunum á skipum þeim, sem ætla á fiskiveiðar við Ísland, verði boðið að gæta sömu varúðarreglu.

**22. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannanna á
Íslandi, um að fjölga læknaembættum.**

26. febrúar.

Eins og yður mun vera kunnugt, herra (tit.), hefir alþingi, er haldið var árið sem leið, í einni af bænarskrám¹ sínum til konungs meðal annars beðið um:

1. að stofnuð verði 7 ný lækneisembætti á Íslandi, það er að segja: í Austur-Skaptafellssýslu, í Þingeyjarsýslu, í Barðastrandar- og Strandasýslum, í Borgarfjarðar- og Mýrasýslum, í Árnessýslu, fyrir Suðurnes og Gullbringusýslu, og í Norðurmúlasýslu;
2. að læknaþeir, sem skipaðir verða í þessi embætti, taki sér bólfestu á þeim stað í sýslu hverri, sem hentastur er eptir

¹) Smbr. Tíðindi frá alþingi 1865 II. 529.—531. bls.